

Skólanámskrá

Grunnskóli Húnaþings-vestra

5. – 7. bekkur




Efnisyfirlit:

1.	5. bekkur	5
1.1.	Íslenska	5
1.2.	Stærðfræði	8
1.3.	Enska	9
1.4.	Heimilisfræði	10
1.5.	Íþróttir	11
1.6.	Myndmennt	13
1.7.	Textílmenn	14
1.8.	Lífsleikni	15
1.9.	Náttúrufræði	16
1.10.	Samfélagsfræði	18
1.11.	Kristinfræði	19
1.12.	Upplýsingamennt	20
1.13.	Hönnun og smíði	21
1.14.	Tónmennt	22
2.	6. bekkur	24
2.1.	Íslenska	24
2.2.	Stærðfræði	27
2.3.	Enska	28
2.4.	Heimilisfræði	29
2.5.	Íþróttir	30
2.6.	Myndmennt	32
2.7.	Textílmenn	33
2.8.	Lífsleikni	34
2.9.	Náttúrufræði	35
2.10.	Samfélagsfræði	36
2.11.	Kristinfræði	37
2.12.	Upplýsingamennt	38
2.13.	Hönnun og smíði	39
2.14.	Tónmennt	40
3.	7. bekkur	42
3.1.	Íslenska	42
3.2.	Stærðfræði	46
3.3.	Danska	47
3.4.	Enska	48
3.5.	Heimilisfræði	49
3.6.	Íþróttir	50
3.7.	Myndmennt	52
3.8.	Textílmenn	53
3.9.	Lífsleikni	54
3.10.	Náttúrufræði	55
3.11.	Samfélagsfræði	56
3.12.	Kristinfræði	57

3.13.	Upplýsingmennt	58
3.14.	Hönnun og smíði	59
3.15.	Tónmennt	60

5. bekkur



1. 5. bekkur

1.1. Íslenska

Námsgögn:

Mál til komið
Málrækt 1
Blákápa
Skinna
Vetur

Grannar
Siðir
Skriftarbækur
Ljóðsprotar

Ítarefni:

Stafsetning
Lestrarbók 4.b
Ljóðaverkefni fyrir börn (kennarahefti)

Viðfangsefni:

Lestur

- öðlist góðan lesskilning, orðaforða og málskilning
- þjálfist í að ná upp góðum lestrarhraða og lesi af öryggi
- nái tökum á að lesa ólík fyrirmæli og geti farið eftir þeim
- þjálfist í að lesa margvíslega texta og vinna með þá á fjölbreyttan hátt
- þjálfist í að beita nákvæmnislestri og leitarlestri
- geti aflað sér upplýsinga úr rituðum heimildum, bókum, margmiðlunarefni eða af Netinu og unnið úr þeim
- geti greint aðalatriði frá aukaatriðum í lesnum texta með því að fást við margvíslegt lestrarefni
- geti lesið úr töflum og myndritum og greint aðalatriði frá aukaatriðum í slíkri framsetningu
- æfist í að velja sér bækur, af skólasafni eða annars staðar frá, til að lesa sér til ánægju og upplýsingaöflunar

Talað mál og framsögn

- þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og stærri hópum
- þjálfist í að tjá sig munnlega með margvíslegum verkefnum
- geti greint munnlega frá eigin reynslu, eftirminnilegum atburðum eða sérstakri lífsreynslu
- fái tækifæri til að segja frá eigin tilfinningum og líðan
- geti gert stutta munnlega útdrætti úr lesnu efni
- geti rætt við bekkjarfélaga sína, t.d. þegar upp koma vandamál, og reynt að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- geti kynnt vinnu sína fyrir bekkjarfélögum og sagt skipulega frá verkefnum sem hann hefur unnið
- geti sagt frá hvernig hann komst að tiltekinni niðurstöðu og rökstutt hana
- þjálfist í að lesa upphátt sögur og ljóð með réttum áherslum

- þjálfist í að flytja undirbúnaðar eigin frásagnir
- geti lýst munnlega ýmsum hlutum eða athöfnum úr nánasta umhverfi
- þjálfist í að segja skopsögur í minni hópum
- taki þátt í leikrænni tjáningu og leikjum þar sem reynir á meðferð talaðs máls
- tileinki sér þær reglur sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu
- temji sér að flytja mál sitt skýrt og áheyrilega við ýmis tækifæri
- þjálfist í að syngja ýmsa algenga íslenska söngva og dægurlög og taki þátt í fjöldasöng

Hlustun og áhorf

- þjálfist í að hlusta á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og af bandi
- fylgist með flutningi á leikriti
- geti svarað spurningum varðandi efni sem hann hefur hlustað á
- þjálfist í að hlusta á umræður, taka þátt í þeim og halda athygli í töluverðan tíma
- taki þátt í leikjum þar sem gerð er krafa um að hlustað sé á munnleg fyrirmæli
- geti farið eftir munnlegum fyrirmælum kennara
- geti endursagt efni sem hann hefur hlustað eða horft á
- þjálfist í að horfa á fræðslu- og skemmtiefni með athygli og vinni úr upplýsingum sem þar koma fram

Ritun

- þjálfist í að skrifa tengda skrift í frjálsri ritun
- þjálfist í að skrifa skýrt og greinilega og vanda frágang
- þrói persónulega rithönd með ýmsum skriftarverkefnum
- nái góðum skriftarhraða
- þjálfist í að stafsetja rétt með margvíslegum verkefnum og ýmsum aðferðum
- semji sögur með atburðarás og semji ljóð og skrifi sjálfur
- þekki hugtökin upphaf, miðja og endir í frásögnum og geti nýtt sér þau.
- geti lýst skriflega ýmsum hlutum og athöfnum
- geti gert stutta, skriflega útdrætti úr lesnu efni
- geti skráð lengri frásagnir um atburði úr eigin lífi
- skrifi bréf eða fyrirspurn til fyrirtækis
- geti skráð framvindu og niðurstöður í verkefnum sem hann vinnur, t.d. í sögu, landafræði eða náttúrufræði
- geti gert markvissa útdrætti og skráð efni munnlegra og/eða skriflegra frásagna
- kynnist því að skrifa mismunandi stíl sem hæfir efni og viðtakendum
- geti skrifað aðalatriði úr texta
- geti skrifað almenna texta rétt eftir upplestri þar sem reynir á flestar stafsetningarreglur
- þjálfist í að nýta sér orðabækur og önnur hjálpargögn við ritun
- þjálfist í að nota tölvur við ritun, m.a. við sögugerð og rétttritun
- þjálfist í rétttri fingrasetningu með ýmsum ritunarverkefnum
- kynnist tölvusamskiptum, m.a. með tölvupósti til jafnaldrá hér á landi
- læri að fara eftir helstu stafsetningarreglum, t.d. ng- og nk-reglunni og um i, í og y, ý

Bókmenntir

- lesi sögur, ævintýri, þjóðsögur, goðsögur, dæmisögur, skopsögur og lengri bækur
- þekki til nokkurra íslenskra rithöfunda með áherslu á höfunda sem skrifað hafa bækur fyrir börn og unglina
- lesi fjölbreytt efni sér til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga
- læri þekktar vísur og ljóð utanbókar til söngs og annars munnlegs flutnings
- þjálfist í að hlusta á upplestur á sögum og leiktextum eftir íslenska og erlenda höfunda
- þjálfist í að hlusta á upplestur á sögum og leiktextum eftir íslenska og erlenda höfunda
- hlusti á upplestur ljóða, bæði hefðbundinna og óhefðbundinna
- taki þátt í leikrænni tjáningu á bókmenntatexta
- leiki einfalda leikþætti eða atriði úr frásögnum sem hann hefur lesið
- þjálfist í að fá bækur að láni á skólasafni og sé hvattur til að nýta sér almenningsbókasöfn
- ræði um bókmenntaverk sem hann hefur hlustað á og/eða lesið
- skrifi stutta greinargerð um bók eða stutta sögu sem hann hefur lesið
- þekki hugtökin rím, ljóðstafir og taktur
- þekki hugtökin persóna, söguhetja, söguþráður og sögulok
- geri sér grein fyrir mikilvægi bókmennta í sögu þjóðarinnar

Málfræði

- þekki orðflokkana nafnorð, sagnorð og lýsingarorð og helstu einkenni þeirra
- geti fundið fall nafnorða og lýsingarorða
- geri sér grein fyrir mun eintölu og fleirtölu fallorða
- geri sér grein fyrir stigbreytingu og kynbeygingu lýsingarorða
- átti sig á muninum á nútíð og þátíð sagna
- þekki mun samnafna og sérnafna og geti nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu
- læri að fallbeygja mannanöfn, t.d. allra nemenda í bekknum
- þekki kyn orða og geti nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu
- geri sér grein fyrir samsetningu orða og þjálfist í orðmyndun
- læri að nýta sér stofn orða í réttitun
- leiki sér með orðtök og málshætti
- beiti tungumálinu á fjölbreyttan hátt í daglegu lífi, bæði í skóla og á heimili
- átti sig á hvaða orðmynd er uppfléttmynd fallorðs og geti nýtt sér það við notkun orðabóka
- fái ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með myndagátum, krossgátum, orðaleikjum og nýyrðasmíð

Mat:

Lestrarpróf í framsögn, skriftarpróf, lagt mat á verkefni og ritgerðir með áherslu á sköpun og skilning á íslensku tungu; skrifleg próf í bókmenntum og málfræði; símat á vinnu nemenda.

1.2. Stærðfræði

Námsgögn:

Stærðfræði 4A og 4B

Ítarefni:

Mars, Venur, Satúrnus

Ýmis ljósrituð viðbótarverkefni

Vasareiknar

Viðfangsefni:

Stærðfræði og tungumál: Nemendur skrái niðurstöður mælinga og geri grein fyrir þeim munnlega, skriflega og á myndrænu formi. Nem. kynnist venjum um lestur af klukku.

Lausnir verkefna og þrauta: Nem. temji sér að spyrja spurninga um verkefni í því skyni að öðlast betri skilning á því.

Rökshengi og röksemdafærslur: Nemendur þjálfast í að rökstyðja mál sitt og komast að rökstuddum niðurstöðum.

Tengsl við daglegt líf: Nemendur setji upp orðadæmi; reikni tímalengd úr áætlana- og stundatöflum; breyti milli algengra eininga í metrakerfi og kynnist rómverskum tölum.

Tölur og reikniaðgerðir: Nemendur kunni skil á helstu reikniaðferðum s.s. noti einföld brot í daglegu starfi; mæli og lesi tugabrot með tveggja stafa nákvæmni; kynnist hugtakinu að ganga upp í; sannreyni að margföldun og deiling með 10 jafngildir færslu um eitt sæti í tugakerfinu; breyti tugabrotum með einum aukastaf í almenn brot og öfugt; stytti og lengi almenn brot og átti sig á því að við það koma fram ólík heiti sömu tölu.

Hlutföll og prósentur: Nemendur kynnist notkun orðsins hlutfall; finni tiltekinn hluta af heild; og kynnist því að 50% er helmingur.

Mynstur og algebra: Nem. vinni með ýmis talnamynstur; búi til reglur um tölur þar sem er t.d. tvöfaldað; setji upp einföld gröf og nefni óþekktar stærðir með bókstaf.

Rúmfræði: Ýmis rúmfræðileg hugtök, ummál flatarmál og rúmmál.

Tölfræði og líkindafræði: Grundvallaratriði líkindareiknings, áhersla lögð á skilning og túlkun á tölfræðilegum viðfangsefnum.

Grundvöllur mats:

Mat er ekki sundurliðað sérstaklega fyrir hvern þátt stærðfræðinámsins. Matið byggist á reglulegum könnunum, verkefnum og prófum. Miðað skal við að nemendur taki reglulega kannanir úr afmörkuðum námsþáttum. Þessar kannanir gildi 50% af voreinkunn. Reglulega td. mánaðarlega verði lögð fyrir heimadæmi (t.d. þrautir) sem kennari fer yfir og gilda þau 10% af voreinkunn. Vorpróf gildi 40%

1.3. Enska

Námsgögn:

English Club 1

lesbók og vinnubók

Ítarefni:

Enskir söngvar

Annað hlustunarefni

Ýmis ljósrituð verkefni

Myndir

Viðfangsefni:

- Hlustun: Nem. skilji fyrirmæli og leiðbeiningar kennara á ensku og félagasína í samskiptum í kennslustundum. Nem. þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða í tengslum við hlustunarefni.
- Lestur: Lesnir textar í kennslubók. Nem. skilji einfalda texta og geti fylgt ýmsum barnatextum, s.s. þulum, rími, ljóðum og rappi. Nem. þjálfist í að vinna með orðaforða í textum.
- Talað mál: Nem. geti tekið þátt í samskiptum í kennslustofu og geti haft eftir söngva o.fl. sem unnið er með náminu.
- Ritun: Nem. þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða í ritun og þjálfist í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni.
- Mat: Símat í tímum á munnlegri færni og vinnubrögðum. Símat á verkefnum og vinnubók. Skriflegar kannanir skv. kennslubók. Munnlegt próf í lok kennsluárs. Í námsmati skal taka sérstaklega mið af því að fyrstu tvo námsárin er gert ráð fyrir megináherslu á hlustun, lesstur og talað mál.

1.4. Heimilisfræði

Námsgögn:

Námsefni 5. bekkjar
ýmsar uppskriftir

Ítarefni:

Heimilisfræði 2

Viðfangsefni:

Næring og hollusta:

Nemandi: þekki heiti næringarefnanna
viti um mikilvægi vatns fyrir líkamann
greini á milli góðs og lélegs fæðuvals
geri sér grein fyrir því að góðar neysluvenjur eru mikilvægar heilsunnar vegna

Matreiðsla og vinnubrögð:

Nemandi: kunni skil á þeim áhöldum sem nota þarf við matreiðslustörf
geti notað allar mæliskeiðarnar, dl-mál og lítramál og geti mælt $\frac{1}{4}$ og $\frac{3}{4}$
þjálfist í að vinna eftir skriflegum uppskriftum
hafi tileinkað sér orkusparnað

Matvælafræði:

Nemandi: rifji upp þekkingu sína á fæðuflokkunum
kanni helstu næringarefni sem eru í þeim matvælum sem unnið er með

Hreinlæti:

Nemandi: hafi tileinkað sér persónulegt hreinlæti
kunni að meta hreint og vistlegt umhverfi
geri sér grein fyrir því hvers vegna mikilvægt er að hreinsa grænmeti og ávexti
þjálfist í að hreinsa og bursta skófatnað
kynnist fatamerkingum
kunni að halda herbergi sínu hreinu
temji sér að halda hreinu vinnusvæði sínu og þeim áhöldum sem notuð eru

Neytendafræði og umhverfisvernd:

Nemandi: temji sér sparnað og ábyrgð gagnvart verðmætum

Aðrir þættir:

Nemandi: geri sér grein fyrir helstu slyshættum í eldhúsi
temji sér að bragða með jákvæðu hugarfari á öllum matvælum sem unnið er með
þjálfist í að leggja fallega á borð við mismunandi tækifæri
geti unnið með öðrum og sýnt tillitssemi.

Mat: Símat í kennslustundum og umsögn gefin.

1.5. Íþróttir

Skynþroski Hreyfiþroski

Nemandi

- þjálfist í grófhreyfingum
- þjálfist í flóknum æfingum sem viðhalda og bæta samhæfingu
- þjálfist í samsettum hreyfingum
- taki þátt í og læri nokkra nýja leiki sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla samspil skynjunar
- fái þjálfun í óhefðbundnu hreyfiformi
- þjálfist í undirstöðuatriðum a.m.k. tveggja hóp- og einstaklingsíþróttanna sem stundaðar eru hér á landi
- nái tókum á undirstöðuatriðum í einni vetrariþrótt

Líkamsþroski Fagurþroski

Nemandi

- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla líkamspól
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla hraða og viðbragð
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft
- þjálfist í æfingum sem efla líkamspól
- þjálfist í æfingum sem efla kraft
- þjálfist í æfingum sem efla kraft, s.s.
- taki stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti, s.s.
- taki þátt í æfingum og leikjum í formi
- nái tókum á einföldum dönsum eins og
- taki þátt í dans- og spunaverkefnum með eða án tónlistar
- læri að nýta sér möguleika til íþróttanna og útivistar í sveitarfélaginu

Félagsþroski Tilfinningaþroski Siðgæðisþroski

Nemandi

- læri að leysa úr ágreiningi sem upp getur komið í íþróttum
- taki þátt í æfingum, leikjum og íþróttum sem efla markvisst samvinnu innan minni eða stærri hópa
- fái jákvæða upplifun með þátttöku í leik að eigin vali eða vali hópsins
- taki þátt í æfingum og leikjum sem innihalda tjáningu af ýmsum toga
- læri að bera virðingu fyrir þörfum annarra
- læri að bera virðingu fyrir mismunandi getu félaga sinna
- beiti sköpun og tjáningu til að þjálfa

Vitsmunabroski

Nemandi

- taki þátt í umræðu um gildi íþróttanna fyrir sál og líkama
- öðlist þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og ástundun íþróttanna
- fræðist um hlutverk öndunar og blóðrásar við líkamlega áreynslu
- þjálfist í undirstöðuatriðum íslenskrar glímu
- fái tækifæri til að þróa þekkta leiki eða gamla íslenska leiki
- tileinki sér helstu líkamsæfingar og heiti helstu hreyfinga eins og
- taki þátt í útivist og íþróttum þar sem m.a. þarf að taka tillit til veðurs og fatnaðar
- læri að hafa rétt við í leikjum og geti skorið úr ágreiningi ef upp kemur
- nýti sér tölvu og upplýsingatækni í tengslum við skipulag eigin þjálfunar

Sund:

Í 5.-7. bekk er lögð megináherslu á færniþætti og grunnkennslu helstu sundtaka. Stefnt er að því að byggja ofan á þann grunn sem skapaður hefur verið á aðlögunartímabili fyrstu skólaára þar sem aðlögun, samhæfing hreyfinga í vatni og kennslufræðileg nálgun með leik eru meginmarkmið kennslunnar. Kennsla þessara bekkja er þannig háttað að 5. bekkur verður í einum tíma allan veturinn en 6. og 7 bekkur verður í námskeiðsformi fimm vikur að hausi og að vori.

1.6. Myndmennt

Markmið:

Nemandi vinni með liti og form, þekki möguleika línunnar, þekki hugtakið sjónarhorn og geti unnið með það, útfæri mynstur, átti sig á gildi hefðar og vandaðrar vinnu í handverki sem einnig getur tengst nútímalist, átti sig á mun á milli handverks og fjöldaframleiðslu, kynnist list víkingatímabilsins og viti að vestrænni listasögu er skipt í tímabil, stefnur og stíla. Nemandi geti tjáð sig munnlega og skriflega um mismunandi stöðu listamannsins eftir tímabilum.

Námsefni:

Matreitt af kennara eftir þörfum.

Viðfangsefni:

Lítafræði, formfræði, línan, rými, myndbygging, vinnuleg, listasaga, fagurfræði og gagnrýni.

Námsmat:

Símat og yfirlitsmat í lok hverrar annar.

1.7. *Textílmennt*

Námsgögn:

Hvernig á að sauma á saumavél.
Hannyrðir í 4.-7.bekk
Á prjónunum (Unnur Breiðfjörð)
Föt á börn (Sigrún Guðmundsdóttir)
Prjónablöð, sniðblöð, ýmsar handbækur og ljósrit

Viðfangsefni 5. – 7. bekk:

Prjón - nemendur læri að prjóna slétt, brugðið, úrtökur og útaukningar.
Hekl - loftlykkjur, keðjulykkjur, fastahekl, stuðlar, tvíbrugðnir stuðlar.
Vélsaumur - nem. læri að taka upp snið, sníða og sauma einfaldar flíkur.
Bútasumur, fixative-úðun, munsturgerð, útsaumur, leðurvinna, silkimálun.

Lögmál og aðferðir.

Nem. **beiti** grunnreglum í litafræði í eigin sköpun með því að raða saman efnunum og/eða garni í mismunandi litum og tónum
teikni einfaldar skissur og nýti sér þær við eigin hugmyndavinnu
öðlist færni í að nota málvand og setja merkingar á vefjarefni
þjálfist í að þræða yfirtvinna á saumavél
læri að prjóna brugðna lykkju og skipta um lit á garni í prjóni
læri einfaldar aðferðir við úrtöku og útaukningu í prjóni
vinni eftir einföldum, skriflegum vinnuleiðbeiningum
skilji aðaleinkenni í vinnuferli handverks frá hugmynd að fullunnum hlut
skilji tilgang þess að nota viðeigandi áhöld við vinnuna
noti handbækur greinarinnar
þekki helstu hugtök og heiti sem unnið er með

Fagurfræði og rýni:

Nem. geri sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni
upplifi sköpunargleði við útfærslu eigin hugmynda

1.8. Lífsleikni

Námsgögn :

- Vegfarandinn 1 eftir Sigurð Pálsson
- Samverubækurnar eftir Sigrúnu Aðalbjarnard. og Árný Elíasdóttur
- Verkefni og umræður út frá Samverubókunum
- Stelpur og strákar-Jafngildir einstaklingar, verkefni/skyggjur

Viðfangsefni:

Sjálfsþekking, samskipti, sköpun og lífstíll:

- Geti gert sér í hugarlund hvernig ákafar og stjórnlausar tilfinningar geta brotist út í ofbeldi eða annarri neikvæðri og vanhugsaðri hegðun
- Geti fylgt flóknu reglukerfi, í leik eða starfi, einn eða með öðrum
- Fái þjálfun í að tjá hugsanir sínar og skoðanir frammi fyrir bekknum eða á stærri samkomum.
- Geri sér grein fyrir að líkamleg og andleg vellíðan hvílir á heilbrigðum lífsvenjum, líkamsrækt og hollum neysluvenjum

Samfélag, umhverfi, náttúra og menning:

- Kunni umferðareglur fyrir gangandi, hjólandi og skautandi vegfarendur
- Læri að forðast hættur á heimilum, við skóla og í nánasta umhverfi

1.9. Náttúrufræði

Námsgögn:

Námsgagnastofnun bauð út námsgagnagerð í Náttúrufræði á miðstigi. Í áætlun er að fyrsta efnið komi út haustið 2000. Meðan beðið er eftir nýju efni er áætlað að nota;

Eðlisvísindi
Rafseglar, Rafmagn, Ljósið
Efnafasar 1
Jarðvísindi
Sólkerfið, veðurfar, jarðfræði.
Myndun Surtseyjar
Lífvísindi
Lífríki á landi

Ítarefni

Legókubbar
Veðrið e. Pál Bergþórsson
Myndun og mótun lands e. Torfa Hjartarson

Myndbönd

T.d. Eyewitnes o.fl.

Forrit

Orka
Geislavirkni
Arkimedes

Viðfangsefni:

Eðlisvísindi: Framkvæma tilraunir. Skoða dæmi úr nánasta umhverfi. Geri athuganir á ljósi, speglun og linsum. Vinni með rafhleðslur stöðurafmagn, segla, áttavita. Skoði hlutverk segulmagnaðra efni t.d. í dyrabjöllum, brotajárni o.fl.

Jarðvísindi: Framkvæma tilraunir. Skoða reikistjörnurnar og sporbaug þeirra, þekki ýmsar myndir tunglsins. Þekki sólmyrkva, tunglmyrkva, hvað veldur sjávarföllum og togkraft tunglsins. Þekki helstu ástæður breytilegs veðurfars á jörðinni og hvað einkennir veður í heimabyggð eftir árstíðum og landslagi.

Fjalli um eldvirkni og jarðhræringar á Íslandi, þekki aðferðir aldursgreininga. Myndunarsögu Íslands frá upphafi, myndun steingervinga í heimabyggð og á jörðinni og þekki myndunarsögu Surtseyjar.

Lífvisindi: Framkvæma tilraunir. Taki þátt í athugunum á lífríki á landi og kanni mismunandi þætti s.s. fjölbreytni plantna og dýra, fæðukeðjur, einkennisplöntur, áhrif umhverfisþátta s.s. jarðvegs, vatns, vinds, raka og hita, mannsins. Geti borið saman mismunandi gróðurlendi s.s. votlendi, vallendi, skóglendi. Geti skýrt hvað ljóstillífur er, forsendur, afurðir og gildi fyrir lífheiminn. Geti flokkað lífverur í framleiðendur, neytendur og sundrendur og skilji mikilvægi hvers og eins. Þekki hvaða eiginleikar auka lífslíkur lífveru, skoði að mismunandi einkenni lífvera henta því umhverfi sem þær búa í, geti flokkað lífverur eftir einkennum í dýr, plöntur, frumverur, sveppi og gerla. Þekki íslenskar trjátegundir og helstu innflutt skógartré.

Grunvöllur mats

Símat skrifleg próf lögð fyrir með reglulegu millibili.

Verklegt mat með ákveðnum þrautum til að leita eftir að ákveðinni færni er náð, meta þarf bæði afurðina og sjálft vinnuferlið.

Sjálfsmat nemenda þar sem nemandi metur sjálfur viðhorf sín, þekkingu og færni, hvort hann hafi náð settum markmiðum, t.d. með gátlistum.

1.10. Samfélagsfræði

Námsgögn:

„Landnám Íslands” með vinnubók
„Land og líf” með vinnubók
„Landshorna á milli” með kortaverkefnum

Ítarefni:

Ísland-landið okkar
Ísland áður fyrr
Landabréfabók
Víkingar

Viðfangsefni:

Saga: Róm og kristni. Víkingar í norðri. Frá landnámi til kristni. Nem. fái tilfinningu fyrir sögulegum minjum og frumheimildum af ólíku tagi, svo sem myndum, mannvirkjum og texta.

Landfræði: Landfræði Íslands. Kort og myndir. Æskilegt er, að nem. hafi byrjað á námsefni í lok 4. bekkjar. Nem. læri að lesa úr hæðarlínum á korti í stórum mælikvarða og þjálfist í að lýsa helstu landfræðilegu einkennum hvers landhluta, s.s. gróðurfari og veðurfari. Nem.þekki á Íslandskorti nöfn og legu landsfjórðunganna, stærstu þéttbýlisstaða, helstu ár, jökla, firði, flóa og fjöll.

Grundvöllur mats:

Markmiðin eru grundvöllur mats. Símat í tímum, á hópvinnu og verkefnum nemenda og vinnubókum. Prófað í lok hverrar annar.

1.11. Kristinfræði

Námsgögn:

Brauð lífsins

Ítarefni:

Sögur og myndir úr Biblíunni
með verkefnum

Viðfangsefni:

Nemandi: þekki valda þætti úr sögu Ísraels
kanni merkingu aðventutímans í kristnu helgihaldi, uppruna jólahalds
kristinna manna og söguna af heilögum Nikulási
fræðist um hugmyndir gyðinga um Messías
kynnist völdum sögum af lækningakraftaverkum Jesú
læri um aðdragandann að handtöku Jesú og kunni skil á atburðum skírdags
og föstudagsins langa
kynnist Passúsálmum Hallgríms Péturssonar og ævi hans
öðlist skilnig á ástæðunum fyrir kristniboðs- og hjálparstarfi kristinnar
kirkju
kunni skil á aðdragandanum að því að Íslendingar tóku kristni og sjálfri
kristnitökunni á Alþingi
fái vitneskju um hugtakið heilagur
fái við efni tengt sáttfýsi og fyrirgefningu
kynnist völdum þáttum íslalms, svo sem mosku, táknum, hátíðum og
siðum

Mat: Metin vinna í tímum, þátttaka í umræðum og hópvinnu.
Skrifleg próf í lok hverrar annar.

1.12. Upplýsingamennt

Námsgögn:

25 lexíur í upplýsingatækni, Verkefnahefti fyrir gluggaumhverfi – Windows, Word, Internetið á eigin spýtur – Outlook Express, Internet Explorer.

Ítarefni:

Ýmislegt frá kennara.

Viðfangsefni:

Verkefnavinna: Unnið með 25 lexíur í upplýsingatækni, Unnin verkefni úr Verkefnaheftinu fyrir gluggaumhverfi í Word. Þannig að nemandinn geti skilað ritgerðum í tölvutæku formi. Nemandi notar internetið, vafrar um á netinu og lærir um notkun á tölvupósti.

Grundvöllur mats:

Vinna og verkefnavinna í tímum: Skil á verkefnum unnum í tímum. Fjöldi skilaðra verkefna og hvernig þau hafa verið unnin. Framkoma og iðjusemi.

Annarpróf og vorpróf: Kunnátta nemenda á notkun Windows umhverfinu ritvinnsluforritinu Word, póstforritinu Outlook Express og Internet Explorer prófuð.

1.13. Hönnun og smíði

Markmið

Að nemendur rifji upp og séu meðvitaðir um þá þætti sem þeir áður hafa lært í umgegni við vélar og verkfæri. Nemendur þjálfist en frekar í útsögun og æfist í að forma gegnheilt tré. Grunnatriði í viðarfræði kennd og umgengni í málningarherbergi, ásamt notkun á pensli og litum. Nemendur viðhaldi fyrri kunnáttu og leikni og kynnist auk þess notkun á súluborvél og smergel. Nemendur geri teikningar af viðfangsefnum.

Viðfangsefni

T.d. útsöguð leikföng og hlutir úr gegnheilum við s.s. litlir bátar, flugvélar, bílar, rammi, tennisspaði, hitaplatti, bréfastandur, lyklahús, mylla, hundur, hendi, fílasnagi, snagahilla, búmerang, einbúaspil, pizzubretti, skóþræll.

Vinnbrögð

Nemendur forma tré, saga út, pússa, bora, mála og lakka

Verkfæri

Auk fyrri verkfæra bætist við sporjárn, síll, súluborvél og vinkill.

1.14. Tónmennt


Mikil áhersla er lögð á söng af ýmsu tagi, s.s. keðjusöng og raddaðan söng með einföldum útsetningum. Þáttur ásláttarhljóðfæra er aukinn, sömuleiðis þjálfun í hryn og takti og nótalesturinn (do, re, mí,) er aukinn að sama skapi.

Ýmsar tónlistarstefnur kynntar með hlustun. Nemendur semja lög og texta einir eða í hópum og flytja fyrir bekkjarfélaga sína. Þennan námsþátt er hægt að tengja við héraðið, bæði staði og liðna atburði.

Æskilegt er að nemendur í hljóðfæranámi fái tækifæri til að leika undir í tónmenntatímum og á samkomum.

Hlutverk söngsins hefur vaxið í skólum héraðsins á undanförunum árum, svo sem við athafnir í kirkjum, á samkomum innan skólans, í heimsóknnum á elliheimili og aðrar stofnanir.

6. bekkur



2. 6. bekkur

2.1. Íslenska

Námsgögn:

Mál í mótun

Málrækt 3

Rauðkápa

Skræða

Ævintýri og veruleiki

Kveðja

Saman

Skriftarbækur

Ljóðspor

Ítarefni:

Stafsetning

Lestrarbók f. 5.b.

Orðabækur

Ýmsar bækur af bókasafni

Viðfangsefni:

Nemandi

Lestur

- nái góðum leshraða og geti lesið af öryggi og með viðunandi skilningi almenna texta
- geti lesið nokkuð flókin fyrirmæli og farið eftir þeim
- geti lesið margvíslega texta og unnið með þá á fjölbreyttan hátt
- þjálfist í að beita nákvæmnislestri, leitarlestri og yfirlitslestri, m.a. á Netinu
- geti gert útdrætti, munnlega og skriflega, úr því sem hann hefur lesið
- geti aflað sér upplýsinga úr rituðum heimildum, bókum, margmiðlunarefni og af Netinu og unnið úr þeim
- nái góðum tókum á að greina aðalatriði frá aukaatriðum í lesnum texta
- geti lesið úr töflum og myndritum
- velji sér bækur, af skólasafni eða annars staðar frá, til að lesa sér til ánægju
- geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar lestrarkunnáttu í upplýsingasamfélaginu

Talað mál og framsögn

- geti tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og stærri hópum
- tjái sig munnlega við lausn margvíslegra verkefna í minni og stærri hópum
- geti greint skipulega frá eigin reynslu, eftirminnilegum atburðum eða sérstakri lífsreynslu
- fái tækifæri til að segja frá eigin tilfinningum og líðan
- geti rætt við bekkjarfélaga sína, t.d. þegar upp koma vandamál, og reynt að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- geti kynnt vinnu sína fyrir bekkjarfélögum og foreldrum og sagt skipulega frá verkefnum sem hann hefur unnið
- geti sagt frá hvernig hann komst að tiltekinni niðurstöðu og geti rökstutt hana

- geti lýst munnlega ýmsum hlutum eða athöfnum úr umhverfinu og almennum fréttum
- geti lesið upphátt sögur og ljóð með réttum áherslum
- þjálfist í að syngja ýmsa algenga söngva og taki þátt í fjöldasöng
- geti flutt undirbúnafrásagnir og haldið athygli áheyrenda í nokkurn tíma
- þjálfist í leikrænni tjáningu og leikjum með áherslu á meðferð talaðs máls
- þjálfist í að segja skopsögur í minni og stærri hópum
- fari eftir þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu
- temji sér að tala skýrt og áheyrilega við öll tækifæri

Hlustun og áhorf

- þjálfist í að hlusta á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og af bandi
- fái tækifæri til að fylgjast með flutningi á leikriti
- þjálfist í að hlusta á umræður, taka þátt í þeim og halda athygli í töluverðan tíma
- fari í nokkuð flókna leiki þar sem gerðar eru kröfur um að farið sé eftir munnlegum fyrirmælum
- þjálfist í að hlusta á fyrirmæli kennara og fara eftir þeim
- þjálfist í að horfa á fræðslufni með athygli og vinna úr upplýsingum sem þar koma fram

Ritun

- skrifi tengda skrift í allri ritun
- geti skrifað hratt og af öryggi og sé farinn að þróa persónulega rithönd
- skrifi skýrt og greinilega og vandi allan frágang
- þjálfist í að stafsetja rétt með margvíslegum verkefnum og ýmsum aðferðum
- geti samið sögur með atburðarás og ort ljóð og skrifað sjálfur
- þekki hugtökin upphaf, miðja og endir í frásögn og geti nýtt sér þau í eigin ritun
- geti skráð frásagnir um atburði úr eigin lífi eða lífi fjölskyldunnar
- skrifi bréf eða fyrirspurn til fyrirtækis eða stofnunar
- geti skráð framvindu og niðurstöður í verkefnum sem hann vinnur, t.d. í landafræði, sögu eða náttúrufræði
- geti lýst skriflega ýmsum hlutum eða athöfnum úr umhverfinu og almennum fréttum
- geti gert markvissa útdrætti og skráð efni munnlegra og/eða skriflegra frásagna
- beiti mismunandi stíl við ritunarverkefni sem hæfir efni og viðtakendum
- þjálfist í að taka við gagnrýni á eigin texta og vinna úr henni með því að endurrita textann
- geti skráð aðalatriði úr texta
- geti skrifað almenna texta rétt eftir upplestri
- þjálfist í að nota orðabækur og önnur hjálpargögn
- geti notað tölvur við ritun og frágang skriflegra verkefna
- þjálfist í réttri fingrasetningu með ýmsum ritunarverkefnum
- taki þátt í tölvusamskiptum, m.a. með tölvupósti til jafnaldra hér á landi
- læri að fara eftir flestum stafsetningarreglum, t.d. n- og nn-reglunni, ng- og nk-reglunni og um i, í og y, ý

Bókmenntir

- lesi sögur, ævintýri, þjóðsögur, gamansögur, dæmisögur og lengri bækur
- þekki nokkra íslenska rithöfunda 20. aldar og helstu verk þeirra
- lesi fjölbreytt efni sér til fróðleiks og skemmtunar að eigin vali miðað við lestrargetu og áhuga
- hlusti á upplestur á sögum og leiktextum eftir íslenska og erlenda höfunda
- þjálfist í að hlusta á upplestur ljóða, bæði hefðbundinna og óhefðbundinna og geri sér grein fyrir mun þeirra
- læri vísur og ljóð til söngs og annars munnlegs flutnings
- taki þátt í leiktúlkun á bókmenntatexta
- leiki leikþætti eða atriði úr frásögnum sem hann hefur lesið eða samið
- þjálfist í að fá bækur að láni á skólasafni
- ræði um bókmenntaverk sem hann hefur hlustað á og/eða lesið
- geri sér grein fyrir hugtökunum aðal- og aukapersónur, umhverfi, boðskapur og ljóðstafir
- þekki hugtökin persóna, söguhetja, söguþráður og sögulok
- geri sér grein fyrir mikilvægi bókmennta í sögu þjóðarinnar

Málfræði

- geri sér grein fyrir að öllum orðum er skipt í flokka eftir formlegum og merkingarlegum einkennum
- þekki orðflokkanafnorð, sagnorð og lýsingarorð og helstu einkenni þeirra
- geti sambeygt algeng nafnorð og lýsingarorð í eintölu og fleirtölu
- læri að fallbeygja mannanöfn og fræðist um tilurð þeirra
- geri sér grein fyrir stigbreytingu og kynbeygingu lýsingarorða
- átti sig á muninum á nútíð og þátíð sagna og geti breytt tíð frásagna
- þekki mun samnafna og sérnafna og kyn orða og geti nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu
- geti búið til samsett orð af öryggi
- vinni með stofn orða og geti nýtt sér þá kunnáttu við stafsetningu
- vinni með algeng orðtök og málshætti
- beiti tungumálinu á fjölbreyttan hátt við lausn margvíslegra munnlegra og skriflegra verkefna
- átti sig á hvaða orðmynd er uppflertimynd fallorðs og geti nýtt sér það við notkun orðabóka
- fái ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með myndagátum, krossgátum, þrautum, spuna, nýyrðasmíð og ýmiss konar orðaleikjum

Mat:

Lestrarpróf í framsögn, skriftarpróf, lagt mat á verkefni og ritgerðir með áherslu á sköpun og skilning á íslenskri tungu; skrifleg próf í bókmenntum og málfræði; símat á vinnu nemenda.

2.2. Stærðfræði

Námsefni:

Stærðfræði 5A og 5B

Ítarefni:

Satúrnus, Úranus, Neptúnus

Ýmis ljósrituð viðbótarverkefni

Vasareiknar

Viðfangsefni:

Stærðfræði og tungumál: Nemendur noti dagatal og riti dagsetningar með algengum rithætti. Taki þátt í kynningu, einn eða með öðrum nemendum, á verkefni um stærðfræðilegt efni þar sem beitt er töluðu máli, texta og myndritum.

Lausnir verkefna og þrauta: Nem. temji sér að spyrja spurninga um verkefni í því skyni að öðlast betri skilning á því og temji sér að prófa lausnir í samhengi við upphaflegt verkefni.

Röksamhengi og röksemdafærslur: Nemendur þjálfast í að rökstyðja mál sitt og komast að rökstuddum niðurstöðum.

Tengsl við daglegt líf: Unnið að því að skapa tengsl milli námsefnis nemenda og daglegs lífs þeirra, í hverjum námsþætti skulu tekin dæmi um notkun þekkingarinnar í daglegu lífi, s.s. nota metrakerfið og kynnist skiptingu hringsins í 360°

Tölur og reiknaðgerðir: Viðfangsefni eru t.d. grundvallarreglur talnareiknings, margföldun, deiling, tugabrot, almenn brot, mælingar, vasareiknar o.fl. Nemendur reikna verkefni og bækur á sjálfstæðan hátt en styðjast við innlagnir frá kennara á töflu. Þá reikna nemendur reglulega heimaæmi sem kennari fer yfir.

Hlutföll og prósentur: Nemendur kynnist notkun orðsins hlutfall; finni tiltekinn hluta af heild; umreikni verð í erlendum gjaldmiðli í íslenskar krónur og öfugt; geri verðkönnun og beri saman verð; reikni 10%, 25% og 50% af stærðum í eðlilegu samhengi og breyti prósentum í almenn brot.

Mynstur og algebra: Nem. vinni með ýmis talnamynstur; finni tölu sem x stendur fyrir í jöfnu; noti víxlreglu, tengireglu og dreifireglu í hugarreikningi.

Rúmfræði: Ýmis rúmfræðileg hugtök, ummál flatarmál og rúmmál, hornasummu þríhyrnings o.fl.

Tölfræði og líkindafræði: Grundvallaratriði líkindareiknings, áhersla lögð á skilning og túlkun á tölfræðilegum viðfangsefnum.

Grundvöllur mats:

Mat er ekki sundurliðað sérstaklega fyrir hvern þátt stærðfræðinámsins. Matið byggist á reglulegum könnunum, verkefnum og prófum. Miðað skal við að nemendur taki reglulega kannanir úr afmörkuðum námsþáttum. Þessar kannanir gildi 50% af voreinkunn. Reglulega td. mánaðarlega verði lögð fyrir heimaæmi (t.d. þrautir) sem kennari fer yfir og gilda þau 10% af voreinkunn. Vorpróf gildi 40%

2.3. *Enska*

Námsgögn:

English Club 2

lesbók og vinnubók

Ítarefni:

Enskir söngvar

Annað hlustunarefni

Ýmis ljósrituð verkefni

Myndir

Viðfangsefni:

- Hlustun: Nem. skilji það sem fer fram í kennslustofunni í ensku . Nem. geti hlustað eftir aðalatriðum. Nem. geti hlustað eftir nákvæmnisatriðum.
- Lestur: Lesnir textar í kennslubók. Nem. skilji texta af margvíslegri gerð, s.s. sögur fyrir börn, ævintýri, upplýsingatexta, fræðsluefni, myndasögur, þulur og ljóð. Geti fundið afmarkaðar upplýsingar í textum.
- Talað mál: Enska notuð sem mest til samskipta í kennslustofu. Nem. geti sagt frá sjálfum sér og völdum atriðum úr umhverfi sínu.
- Ritun: Nem. geti skrifað skipulega og skiljanlega, stutta og einfalda texta eftir fyrirmyndum. Nem. fái þjálfun í réttri stafsetningu algengra orða sem unnið hefur verið með.
- Mat: Símat í tímum á munnlegri færni og vinnubrögðum. Símat á verkefnum og vinnubók. Skriflegar kannanir skv. kennslubók. Munnlegt próf í lok kennsluárs. Í námsmati skal taka mið af því að fyrstu tvö námsárin er gert ráð fyrir megináherslu á hlustun, lestur og talað mál.

2.4. Heimilisfræði

Námsgögn:

Námsefni 6. bekkjar
ýmsar uppskriftir

Ítarefni:

Heimilisfræði 2

Viðfangsefni:

Næring og hollusta:

Nemandi: **kynnist** orkueiningum fæðunnar
kynnist orkuefnum fæðunnar og læri um hlutverk þeirra í líkamanum
leitir uppi orkurík og orkusnauð matvæli í næringarefnatöflu
geri sér grein fyrir því að neysluvenjur hafa áhrif á heilsuna

Matreiðsla og vinnubrögð:

Nemandi: **tileinki** sér að velja og nota rétt áhöld við matreiðslustörf
þjálfist í að stækka og minnka uppskriftir
þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir uppskriftum
tileinki sér einfalda vinnutækni í matreiðslu við að hreinsa, flysja, skera, brytja, saxa og sjóða

Matvælafræði:

Nemandi: **rifji** upp þekkingu sína á fæðuflokkunum og vinni sérstaklega með kjöt-, fisk- og eggjaflokk
öðlist færni í að meta útlit og gæði matvæla sem unnið er með
kanni hvað næringarefni eru í þeim matvælum sem unnið er með
kanni næringargildi lýsis

Hreinlæti:

Nemandi: **geri** sér grein fyrir því hvers vegna persónulegt hreinlæti er mikilvægt
hafi fengið tækifæri til að taka þátt í að fegra og hreinsa umhverfið
fái þjálfun í að lesa úr fatamerkingum og flokka þvott
læri að þrifa kæliskáp og eldavel
hafi öðlast færni í að þvo upp samkvæmt hreinlætiskröfum

Neytendafræði og umhverfisvernd:

Nemandi: **fái** þjálfun í að gera verðsamanburð á tilbúnum og heimagerðum mat
tileinki sér jákvætt viðhorf til umhverfisverndar
temji sér að velja umhverfisvænar vörur og nota þær skynsamlega
læri hvaða sorp má endurnýta

Aðrir þættir:

Nemandi: **tileinki** sér kurteisi og tillitssemi við borðhald og bragði á þeim fæðutegundum sem á boðstólum eru.

Mat: Símat í kennslustundum og gefin umsögn.

2.5. Íþróttir

Skynbroski Hreyfibroski

Nemandi

- þjálfist í grófhreyfingum eins og
- þjálfist í flóknum æfingum með tónlist sem viðhalda og bæta samhæfingu
- þjálfist í samsettum hreyfingum
- taki þátt í leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla samspil skynjunar
- þjálfist í undirstöðuatríðum a.m.k. tveggja hóp- og einstaklingsíþróttum sem stundaðar eru hér á landi
- nái tókum á undirstöðuatríðum í einni vetrariþrótt

Líkamsbroski Fagurbroski

Nemandi

- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla líkamspól
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla hraða og viðbragð
- taki þátt í ýmsum æfingum og leikjum sem efla kraft
- þjálfist í æfingum sem efla líkamspól
- þjálfist í æfingum sem efla kraft
- þjálfist í æfingum sem efla viðbragð
- taki stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti, s.s.
- nái tókum á einföldum dönsum
- taki þátt í dans- eða spunaverkefni með eða án tónlistar

Félagsbroski Tilfinningabroski Siðgæðisbroski

Nemandi

- taki þátt í leikjum sem efla markvisst samvinnu innan minni eða stærri hópa
- þjálfist í að bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi og framkvæmd leikja, ýmissa æfinga og útivistar
- fái jákvæða upplifun af íþróttaiðkun utanhúss
- taki þátt í æfingum og leikjum sem innihalda tjáningu af ýmsum toga
- vinni ýmis verkefni í misstórum hópum þar sem reynir á tillitssemi, umburðarlyndi og þolinmæði
- þjálfist í leikjum og æfingum sem efla snertingu, samvinnu, eftirvæntingu og jákvæða upplifun
- þjálfist í að nota líkamann sem tjáningartæki í dans- og dramaverkefnum

Vitsmunabroski

Nemandi

- taki þátt í umræðu um heilbrigðan lífsstíl
- taki þátt í umræðu um skaðsemi ávana- og fíkniefna og misnotkunar lyfja fyrir líkama og sál
- öðlist þekkingu um áhrif þolþjálfunar á hjarta og blóðrásarkerfi
- taki þátt í umræðu um helstu breytingar kynþroskaára og áhrif þeirra á skyn-, hreyfi- og líkamsþroska
- fræðist um mikilvægi hvíldar fyrir líkama og sál
- nái tókum á undirstöðuatriðum íslenskrar glímu og þekki helstu glímubrögð
- taki þátt í útivist, s.s. gönguferð eða helgarferð þar sem m.a. þarf að taka tillit til veðurs og fatnaðar
- nýti sér tölvu og upplýsingatækni í tengslum við skipulag eigin þjálfunar

Sund:

Í 5.-7. bekk er lögð megináherslu á færniþætti og grunnkennslu helstu sundtaka. Stefnt er að því að byggja ofan á þann grunn sem skapaður hefur verið á aðlögunartímabili fyrstu skólaára þar sem aðlögun, samhæfing hreyfinga í vatni og kennslufræðileg nálgun með leik eru meginmarkmið kennslunnar. Kennsla þessara bekkja er þannig háttáð að 5. bekkur verður í einum tíma allan veturinn en 6. og 7 bekkur verður í námskeiðsformi fimm vikur að hausi og að vori.

2.6. Myndmennt

Markmið:

Nemandi vinni við liti og form, öðlist skilning á mikilvægi skissugerðar, geti sýnt fram á stærðarhlutföll, noti blandaða tækni við vinnu sína, þekki tengsl hönnunar við eigin raunveruleika og skoði mynddæmi og geti lýst einkennum þriggja listastefna.

Námsefni:

Matreitt af kennara eftir þörfum.

Viðfangsefni:

Litafræði, formfræði, rými, skissugerð, myndbygging, vinnulag, listasaga, fagurfræði og gagnrýni.

Námsmat:

Símat og yfirlitsmat í lok hverrar annar.

2.7. *Textílmennt*

Námsgögn:

Hvernig á að sauma á saumavél.

Hannyrðir í 4.-7.bekk

Á þrjónunum (Unnur Breiðfjörð)

Föt á börn (Sigrún Guðmundsdóttir)

Þrjónablöð, sniðblöð, ýmsar handbækur og ljósrit

Viðfangsefni 5. – 7. bekk:

Þrjón - nemendur læri að þrjóna slétt, brugðið, úrtökur og útaukningar.

Hekl - loftlykkjur, keðjulykkjur, fastahekl, stuðlar, tvíbrugðnir stuðlar.

Vélsaumur - nem. læri að taka upp snið, sníða og sauma einfaldar flíkur.

Bútasumur, fixative-úðun, munsturgerð, útsumur, leðurvinna, silkimálun.

Lögmál og aðferðir:

Nem. **geri** skissur af hugmynd sinni og þjálfist í að tjá sig um hugsanlega útfærslu í textílvinnu

búi til einfalt pappírssnið af nytjahlut

öðlist færni í að sníða úr textílefni eftir eigin pappírssniði og mæla fyrir saumförum

læri að spóa og þræða tvinna á saumavél

læri að hekla loftlykkjur, fastahekl og/eða stuðlahekl

noti skriflegar leiðbeiningar og handbækur

sýni fram á skipulögð og vönduð vinnubrögð

noti hugtök og heiti textílgreinarinnar

Fagurfræði og rýni:

Nem: **sýni** fram á sjálfstæði í lita-og efnisvali við eigin sköpunarverk

þjálfist í að skoða og meta fullunna afurð sína og annarra og tjá sig munnlega um það

2.8. Lífsleikni

Námsefni:

Ekki verður tekið fyrir neitt ákveðið námssefni.

Viðfangsefni

Nemendur !

- vinna með hópinn og einstaklingana innan hans.
- vinna með persónuleg og tilfinningaleg mörk einstaklinga.
- þjálfist í að veða og meta ólíka kosti með gagnrýnu hugarfari.
- kynnist og þekki reglur, skipulag og áherslur Skólans.
- kunni helstu umferðareglur og þekki algengustu umferðamerki.

Námsmat:

Umsögn í lok skólaárs þar sem vinna og virkni í tímum verða metin.

2.9. Náttúrufræði

Námsefni:

Eðlisvísindi

Efnafasar 2, Staða og hreyfing,
Einföld tæki,
gormvog, loft, vegalengd, einfaldar
vélar, hljóð, bylgjur

Jarðvísindi,

Jarðvegur (Delta námsefni)

Reikistjörnur

Lofthjúpur-ósonlag og gróðurhúsaáhrif

Hringrás vatns (hefti)

Rof (Delta námsefni)

jarðsögutímabil, breytingar vegna
náttúruhamfara

Jarðmyndanir

Lífvísindi

Lífriki í vatni

Ítarefni

Legókubbar

Myndun og mótun lands e. Torfa

Hjartarson

Myndbönd

T.d. Eyewitnes o.fl.

Forrit

T.d. Arkimedes ofl.

Orka

Geislavirkni

Viðfangsefni:

Eðlisvísindi: Framkvæmi tilraunir. Geri athuganir á flotkrafti, núningskrafti, mæli kraft með gormvog og fjalli um SI einingu krafts Njúton. Vinna með loft og hluti sem svífa í lofti, mæli vegalengdir og ferðatíma hluta á hreyfingu. Noti útreikninga í eigin athugunum. Athuga einfaldar vélar s.s. skrufjárn og hamar og nýti vogarafl, vindu, tannhjól, skáflöt og skoði hvar það kemur fyrir í daglegu lífi. Athuganir á bylgjum, s.s. hljóði, í vatni, með hljóðfærum.

Jarðvísindi: Framkvæmi tilraunir. Vinni með líkön sem sýna stærð reikistjarnanna og fjarlægð frá sólu. Þekki mikilvægi lofthjúpsins, hringrásar vatns, einkenni helstu jarðsögutímabila á jörðinni. Fjalli um breytingar á yfirborði jarðar við jarðskjálfta, eldvíkirfni ofl. Rannsaki og beri saman mismunandi jarðveg og skoði jarðmyndanir í heimabyggð.

Lífvísindi: Framkvæmi tilraunir. Geri athuganir í ferskvatni eða sjó og kanni mismunandi þætti s.s. lífríki, fæðukeðjur, áhrif umhverfisþátta og áhrif mannsins. Þekki íslenska fersvatnsfiska.

Þekki að frumur eru byggingareiningar lífvera, helstu hlutverk mismunandi frumna í mannlíkamanum. Fjalli um einkenni og hlutverk kynþroskans, líkamlegar orsakir breytinga á líkamanum á kynþroskaaldrinum og að þær breytingar gerast mishratt milli einstaklinga. Skilji mikilvægi heilbrigðs lífvernis á meðgöngu fyrir fósturþroska og fæðingu.

Grundvöllur mats:

Símat skrifleg próf lögð fyrir með reglulegu millibili.

Verklegt mat með ákveðnum þrautum til að leita eftir að ákveðinni færni er náð, meta þarf bæði afurðina og sjálft vinnuferlið.

Sjálfsmat nemenda þar sem nemandi metur sjálfur viðhorf sín, þekkingu og færni, hvort hann hafi náð settum markmiðum, t.d. með gátlistum.

2.10. Samfélagsfræði

Námsgögn:

„Sjálfstæði Íslendinga” 1 með vinnubók
„Landshorna á milli” með kortaverkefnum
Norðurlönd

Ítarefni:

Ísland- landið okkar
Heimabyggðin
Við Norðurlandabúar
Landabréfabækur

Viðfangsefni:

Saga: Miðaldir um 1000-1550. Snorri Sturluson. Miðaldamannlíf á Íslandi. Nem. velti fyrir sér tengingum og samhengi í námsefninu, m.a. milli einstaklinga og hópa, milli höfðingja og almennings, Íslands og útlanda, þess sem einstakt er og þess sem hefur almennara gildi.

Landfræði: Ljúka umfjöllun um landfræði Íslands ef því hefur ekki verið lokið í 5. bekk. Kort og myndir. Nem. læri að lesa legu staðar á heimskorti út frá lengdar-og breiddargráðum. Nem. þekki nöfn og legu Norðurlandanna, stærstu borgir, ár, vötn, eyjar og fjallgarða. Gróðurfar þeirra, atvinnulíf íbúanna, tungumál, trúarbrögð lífskjör, menntamál og félagsmál.

Grundvöllur mats:

Markmiðin eru grundvöllur mats. Símat í tímum, á hópvinnum og verkefnum nemenda og vinnubókum. Prófað í lok hverrar annar.

2.11. Kristinfræði

Námsgögn:

Ljós heimsins

Ítarefni:

Sögur og myndir úr Biblíunni,
með verkefnum.
Biblíusögur 1. hefti

Viðfangsefni:

Nemandi: þekki grundvöll kristinnar sköpunartrúar
fái tækifæri til að ræða mismun á trú og vísindum í tengslum við sköpunartexta Biblíunnar
kynnist dómara- og konungatímabilinu í sögu Ísraelsmanna, speki Salómons og sálum Davíðs
komist í kynni við jólaguðspjall Jóhannesar og Messíasarspádóma Gamla testamentisins
kynnist nokkrum af dæmisögum Jesú
þekki atburði páskadags, hina kristnu upprisutru og viðbrögð lærisveina Jesú við dauða hans og upprisú
geri sér grein fyrir þeirri tengingu kristinna á krossdauða Jesú og upprisutrunni
öðlist þekkingu á atburðum hins fyrsta hvítasunnudags, kynnist frumsöfnuðinum og tengsl guðsþjónustu hans við kristið helgihald nú á dögum
verði handgengin völdum frásögnum af hlut kvenna í starfi frumsafnaðarins
þekki hina postulegu trúarjátningu og geri sér grein fyrir því að hún felur í sér grundvallaratriði kristinnar trúar og er sameiginlegur arfur nær allra kristinna kirkjudeilda
kynnist íslenskum sálmakveðskap á 20. öld
fáið við siðferðileg efni tengd minnihlutahópum og fötluðum og samskiptum nemenda, svo sem einelti og hópþrýstingi
öðlist skilning á mikilvægi umhverfis- og náttúruverndar
kynnist völdum þáttum úr hindúasið

Mat: Metin vinna í tímum, þátttaka í umræðum og hópvinnu.
Skrifleg próf í lok hvernar annar.

2.12. Upplýsingamennt

Námsgögn:

25 lexíur í upplýsingatækni, Verkefnahefti fyrir gluggaumhverfi – Windows, Word, Internetið á eigin spýtur – Outlook Express, Internet Explorer.

Ítarefni:

Ýmislegt frá kennara.

Viðfangsefni:

Verkefnavinna: Unnið með 25 lexíur í upplýsingatækni, Unnin verkefni úr Verkefnaheftinu fyrir gluggaumhverfi í Word. Þannig að nemandinn geti skilað ritgerðum í tölvutæku formi. Nemandi notar internetið, vafrar um á netinu og lærir um notkun á tölvupósti.

Grundvöllur mats:

Vinna og verkefnavinna í tímum: Skil á verkefnum unnum í tímum. Fjöldi skilaðra verkefna og hvernig þau hafa verið unnin. Framkoma og iðjusemi.

Annarpróf og vorpróf: Kunnátta nemenda á notkun Windows umhverfinu ritvinnsluforritinu Word, póstforritinu Outlook Express og Internet Explorer prófuð.

2.13. Hönnun og smíði

Markmið

Að nemendur rifji upp og nái meiri færni í umgengni við vélar og verkfæri. Nemendur læri grundvallaratriði heflunar, læri að nota vinkil og kynnist rennibekk. Nemendur fá kynningu á viðarfræði, læri grunnhugtök hennar og heiti helstu viðartegunda. Þjálfun í að vinna með handhefil. Nemendur teikni viðfangsefni.

Viðfangsefni

T.d. brauðbretti, hnífarekki, rennd hilla, kistill, skúta, skápur, blaðagrind, tangra spil, skápur, fuglahús, kryddhilla, flaggstöng, íshokkíspaði, pylsutöng, skóþræll, pinnaspil, blómahilla, smjöraskja, bókastoð, músagildra, bakki og eldhúsrúllustandur.

Vinnubrögð

Nemendur teikni, mæla, saga, hefla, renna, pússa, bora, líma, mála og lakka.

Verkfæri

Hér bætist hefill og rennibekkur við þau verkfæri sem áður hafa verið notuð.

2.14. Tónmennt

Mikil áhersla er lögð á söng af ýmsu tagi, s.s. keðjusöng og raddaðan söng með einföldum útsetningum. Þáttur ásláttarhljóðfæra er aukinn, sömuleiðis þjálfun í hryn og takti og nótalesturinn (do, re, mí,) er aukinn að sama skapi.

Ýmsar tónlistarstefnur kynntar með hlustun. Nemendur semja lög og texta einir eða í hópum og flytja fyrir bekkjarfélaga sína. Þennan námsþátt er hægt að tengja við héraðið, bæði staði og liðna atburði.

Æskilegt er að nemendur í hljóðfæranámi fái tækifæri til að leika undir í tónmenntatímum og á samkomum.

Hlutverk söngsins hefur vaxið í skólum héraðsins á undanförunum árum, svo sem við athafnir í kirkjum, á samkomum innan skólans, í heimsóknnum á elliheimili og aðrar stofnanir.

7. *bekkur*



3. 7. bekkur

3.1. Íslenska

Námsgögn:

Málfræði:	Málrækt 3 Skrudda
Stafsetning	Kennslufræði Orðalindar út frá Skruddu Mál er miðill
Bókmenntir:	Grænkápa Valbók og ritgerð Valdar þjóðsögur
Ljóð:	Ýmis ljóð tengd bragfræði og myndmáli (Áhersla á að skrifa sjálf)
Ritun:	Frjáls ritun
Framsögn:	Orðið er laust Hátt og snjallt (myndband)

Ítarefni:

Fallorð
Skólaljóð
Ljóðasafn handa unglungum
Ljóðsprotar
Ljóðspeglar
Réttritunarorðabók
Orðalind
Orðabók menningarsjóðs

Viðfangsefni:

Nemandi
Lestur

- nái góðum leshraða og geti lesið af öryggi og með viðunandi skilningi almenna texta
- geti fundið afþreyingarefni við sitt hæfi á bókasafni
- afli sér heimilda á bókasafni eða á tölvutæku formi til frekari úrvinnslu
- þjálfist í notkun orðabóka, annarra handbóka og gagnasafna
- lesi a.m.k. tvær unglungabækur að eigin vali og geri grein fyrir efni þeirra
- geti gert stuttan útdrátt úr efni sem hann hefur lesið
- geti myndað sér skoðun á því sem hann hefur lesið
- geti skynjað boðskap texta
- taki þátt í umræðum um lesna texta
- þjálfist í að lesa og túlka myndasögur
- þjálfist í að lesa og túlka upplýsingar úr töflum og myndritum
- geti lesið margvísleg fyrirmæli og farið eftir þeim

- þjálfist í að lesa texta með gagnrýnu hugarfari, m.a. að greina áróðursefni og frétttaflutning ólíkra fjölmiðla

Talað mál og framsögn

- geti tjáð sig frjállega frammi fyrir bekkjarfélögum sínum, t.d. við kynningu á hópverkefnum
- geti sagt skipulega frá eigin reynslu og upplifun, t.d. eftir leiksýningar, kvikmyndir eða lestur bóka
- geti gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær
- þjálfist í að taka þátt í samræðum um tiltekin málefni líðandi stundar
- geti lýst munnlega ýmsum hlutum eða athöfnum úr nánasta umhverfi
- taki þátt í leikrænni tjáningu, t.d. spunaæfingum, leiklestri eða söngatriði
- þjálfist í að segja skopsögur og brandara fyrir framan bekkjarfélagi
- geti endursagt og/eða lesið upphátt sögur og ljóð með viðeigandi látbragði, tónfalli og áherslum
- geti flutt laust og bundið mál upphátt með viðeigandi áherslum og túlkun
- nái valdi á viðeigandi framsögn og framkomu sem stuðlar að sjálfsöryggi
- tileinki sér skýran og áheyrilegan framburð og viðeigandi talhraða
- þjálfist í að svara í síma á viðeigandi hátt og lesa skilaboð inn á símsvara
- þjálfist í að syngja ýmsa algenga íslenska söngva og taki þátt í fjöldasöng, t.d. þekkt lög úr leikritum og söngleikjum og söngva tengda hátíðum

Hlustun og áhorf

- þjálfist í að hlusta á flókin fyrirmæli og fara eftir þeim
- geri sér grein fyrir meginatriðum í nákvæmum munnlegum upplýsingum
- þjálfist í að átta sig á samræðum um málefni daglegs lífs
- geti hlustað á frásögn og gert grein fyrir meginatriðum hennar
- þjálfist í að hlusta á upplestur ýmiss konar bókmenntaefnis
- geti skilið venjulegan fréttatexta í útvarpi og sjónvarpi
- geti hlustað á umræður og gert sjálfum sér og öðrum grein fyrir innihaldi þeirra
- geti nýtt sér fræðslu- eða skemmtiefni á myndbandi
- geti hlustað með eftirtekt á ljóð og laust mál
- geti fylgt þræði í sögu eða útvarpsleikriti sem hæfir aldri hans
- fái tækifæri til að hlusta á vandaðan upplestur, t.d. af myndbandi eða hljóðbandi
- geti hlustað á stutta sögu og endursagt hana á skipulegan hátt, munnlega eða skriflega
- tileinki sér viðeigandi framkomu þegar hlustað er t.d. á upplestur eða frásagnir
- fái tækifæri til að horfa á leiksýningar í leikhúsi eða af myndbandi

Ritun

- nái valdi á helstu atriðum stafsetningar
- nái nokkurri færni í greinarmerkjasetningu
- þjálfist í að nota stafsetningarorðabók við ritun
- þjálfist í að nota ritunar- og leiðréttingarforrit
- þjálfist í uppsetningu og frágangi á eigin texta, bréfum, umsóknum, ritgerðum og lýsingum
- þjálfist í að nota tölvur við frágang ritunarverkefna

- þjálfist í réttri fingrasetningu með ýmsum ritunarverkefnum
- taki þátt í tölvusamskiptum, m.a. með tölvupósti til jafnaldra hér á landi og íslenskra jafnaldra sem eru búsettir erlendis
- þjálfist í að setja eigið efni upp á vefsíður
- þrói persónulega rithönd í ritunarverkefnum
- geti skrifað skilmerkilega um eigin reynslu, hugsanir og tilfinningar
- geti lýst munnlega eða skriflega ýmsum hlutum eða athöfnum úr nánasta umhverfi
- geti skrifað útdrætti og endursagnir úr munnlegu og skriflegu efni
- geti skrifað skýr og greinileg fyrirmæli eða leiðbeiningar um algengar athafnir
- geti skrifað sögur og ljóð og þjálfist í að nota myndmál, málshætti og orðtök þar sem við á
- geti byggt upp texta á viðeigandi hátt
- fáist við ritun í tengslum við lesna bókmenntatexta
- taki við gagnrýni kennara, bekkjarfélaga og annarra á eigin texta og vinni úr henni
- þjálfist í að beita mismunandi stíl í rituðu máli með tilliti til viðtakanda og efnis

Bókmenntir

- lesi og ræði ítarlega um bækur sem fjalla um reynsluheim barna
- hraðlesi tvær til þrjár unglingsbækur, þýddar eða frumsamdar, og geri grein fyrir efni þeirra munnlega eða skriflega
- lesi og ræði um mismunandi lausamálstexta, smásögur, þjóðsögur, goðsögur og ævintýri
- læri utanbókar nokkrar vísur og ljóð og fjalli um mismunandi ljóðagerð
- taki þátt í leikrænni tjáningu á bókmenntatexta
- átti sig á hugtökunum tími og umhverfi og aðal- og aukapersónur í umfjöllun um skáldsögur
- þekki hugtökin rím, stuðlar, braglína, persónugerving og líking og geti notað þau í umfjöllun um bókmenntir
- geti gert grein fyrir þeim áhrifum sem tiltekið bókmenntaverk hefur á hann
- nýti sér margmiðlunarefni, bókmenntaefni á geisladiskum og vefsíðum, til að dýpka þekkingu sína

Málfræði

- átti sig á hvernig orð skiptast í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð
- geti greint sagnorð og helstu fallorð, þ.e. nafnorð, lýsingarorð og fornöfn, í flokka af nokkru öryggi
- geti fundið föll fallorða, tölu og kyn og hafi kynnst hugtökunum fallstjórn og sambeyging
- þjálfist í að fallbeygja mannanöfn og fræðist um íslenska nafnsiði
- þekki nútíð og þátíð sagnorða og átti sig á mun reglulegrar beygingar og óreglulegrar
- geti fundið nafnhátt sagna
- geti fundið stofn orða og nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu og orðmyndun
- átti sig á hvaða orðmynd er uppflettimynd fallorðs og geti nýtt sér það við notkun orðabóka

- kannist við hugtökin forskeyti og viðskeyti og átti sig á hlutverki þeirra við orðmyndun
- þekki mun á setningu, málsgrein og efnisgrein og geti sett viðeigandi greinarmerki rétt við ritun eigin texta
- þekki mun einhljóða og tvíhljóða og átti sig á hvernig hann birtist, t.d. í mun á framburði og stafsetningu
- geti nýtt sér orðabækur, handbækur og málfræðiforrit og nýti sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna, t.d. um kyn orða og beygingu
- fái ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með myndagátum, krossgátum, spuna, orðaleikjum og nýyrðasmíð

Mat:

Lestrarpróf í framsögn, skriftarpróf, lagt mat á verkefni og ritgerðir með áherslu á sköpun og skilning á íslenskri tungu; skrifleg próf í bókmenntum og málfræði; símat á vinnu nemenda.

3.2. Stærðfræði

Námsgögn:

Stærðfræði 6A og 6B

Ítarefni:

Úranus, Neptúnus, Plútó

Ýmis ljósrituð viðbótarverkefni

Vasareiknar

Viðfangsefni:

Stærðfræði og tungumál: Nemendur vinna með algengar rómverskar tölur, bera saman breytingar á hlutfallslegum stærðum, þjálfast í notkun sviga o.fl. Stefnt að því að nemendur ræði saman um stærðfræðina, beri saman bækur sínar og útskýri hver fyrir öðrum. Nemendur þjálfist þannig í meðferð stærðfræðilegra hugtaka.

Lausnir verkefna og þrauta: Unnið á markvissan hátt að þjálfun þrautalausna og nemendum kennd kerfisbundin vinnubrögð í því skyni.

Röksamhengi og röksemdafærslur: Nemendur þjálfast í að rökstyðja mál sitt og komast að rökstuddum niðurstöðum.

Tengsl við daglegt líf: Unnið að því að skapa tengsl milli námsefnis nemenda og daglegs lífs þeirra, í hverjum námsþætti skulu tekin dæmi um notkun þekkingarinnar í daglegu lífi. Þá munu nemendur setja upp bókhald fyrir sjálfa sig.

Tölur og reikniaðgerðir: Viðfangsefni eru t.d. grundvallarreglur talnareiknings, deiling, tugabrot, almenn brot, forgangsröð aðgerða, vasareiknar o.fl. Nemendur reikna verkefni og bækur á sjálfstæðan hátt en styðjast við innlagnir frá kennara á töflu. Þá reikna nemendur reglulega heimadæmi sem kennari fer yfir.

Hlutföll og prósentur: Nemendur fást við hlutföll, s.s. í uppdráttum og uppskriftum, finna hluta og prósentur af heilum tölum og skoða ýmis hlutföll t.d. í byggingalist.

Mynstur og algebra: Einföld föll og gröf, flóknar talnarunur o.fl.

Rúmfræði: Ýmis rúmfræðileg hugtök, ummál flatarmál og rúmmál, tengsl ml og cm^3 o.fl.

Tölfræði og líkindafræði: Grundvallaratriði líkindareiknings, áhersla lögð á skilning og túlkun á tölfræðilegum viðfangsefnum.

Grundvöllur mats:

Mat er ekki sundurliðað sérstaklega fyrir hvern þátt stærðfræðinámsins. Matið byggist á reglulegum könnunum, verkefnum og prófum. Miðað skal við að nemendur taki reglulega kannanir úr afmörkuðum námsþáttum. Þessar kannanir gildi 50% af voreinkunn. Reglulega td. mánaðarlega verði lögð fyrir heimadæmi (t.d. þrautir) sem kennari fer yfir og gilda þau 10% af voreinkunn. Vorpróf gildi 40%?????

3.3. *Danska*

Námsgögn:

Klar parat

Hvad siger du A (hlustunarefni)

Ítarefni:

Dönsk orðabók handa skólafólki

Dönsk – íslensk orðabók

Danskar málfræðiæfingar

Ljósrituð verkefni úr ýmsum áttum

Viðfangsefni:

Hlustun: Unnið er með hlustunarefnið Hvad siger du A um það bil einu sinni í viku auk hlustunarverkefna í Klar parat.

Lestur : Nemendur vinna verkefni í tengslum við kennslubókina og lesa hraðlestrarbækur. Nemendur öðlast færni í notkun ákveðna og óákveðna greinisins og byrja að læra beygingar reglulegra sagna.

Talað mál: Unnar verða samtalsæfingar úr Klar parat og nemendur æfa upplestur.

Ritun: Nemendur vinna ýmis skrifleg verkefni í tengslum við kennslubókina Klar parat.

Grundvöllur mats:

Hlustun: Verkefnabækur í hlustun eru metnar auk hlustunarverkefna á vorprófi. Einnig er í gangi símat yfir veturinn þar sem kennari gefur nemendum fyrirmæli á dönsku.

Lestur: Nemendur taka próf eftir hverja önn þar sem bæði er prófað úr lesnum og ólesnum textum.

Talað mál: Nemendur taka munnlegt próf að vori.

Ritun: Lagt er mat á verkefni nemenda, auk þess sem ritunarþættir prófa aukast er líður á veturinn. Einnig er ritunarverkefni á vorprófi.

3.4. Enska

Námsgögn:

Project English 1; kaflar 1-4
lesbók, vinnubók (og málfræði með Pr.E.)
Let's Listen 1
Málfræði A og B

Ítarefni:

Annað hlustunarefni
Enskir söngvar
Orðabækur
„Heppuskólaverkefni”

Viðfangsefni:

Hlustun: Notað ýmis konar hlustunarefni. Seinni hluta vetrar byrjað að nota „Let's Listen 1”. Nem. geti notað ensku til samskipta innan kennslustofu. Nem. skilji ensku talaða á eðlilegum hraða í viðfangsefnum sem unnið er með. Nem. geti hlustað eftir aðalatriðum. Þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða.

Lestur: Lesnir textar í kennslubók. Lesnar léttar smásögur. Nem. geti lesið efni sem tengist lífi jafnaldra í enskumælandi landi.

Talað mál: Enska notuð sem mest til samskipta í kennslustofu. Nem. geti sagt á skýran og skipulegan hátt frá viðfangsefni í námi, undirbúið eða óundirbúið. Nem. sé fær um að beita nokkuð markvisst þeim orðaforða sem hann hefur unnið með. Nem. hafi vald á skýrum framburði svo að ekki valdi misskilningi.

Málfræði: Nem. geti beitt eftirtöldum málfræðiatríðum: nútíð algengra sagna, algengum fornöfnum, nafnorðum, lýsingarorðum og greini.

Ritun: Nem. geti skrifað skipulega og skiljanlega, stutta og einfalda texta eftir fyrirmyndum, t.d. dagbókarbrot, frásagnir og myndatexta. Nem. fái þjálfun í réttri stafsetningu algengra orða sem unnið hefur verið með.

Mat: Skriflegar kannanir við lok hvers kafla í kennslubók. Símat á verkefnum sem nemendur vinna yfir veturinn og próf í lok kennsluárs. Munnlegt próf í lok kennsluárs. Í námsmati skal taka mið af þeim 4 færnisþáttum sem fram koma í markmiðum, þ.e. hlustun, lestri, töluðu máli og ritun.

3.5. Heimilisfræði

Námsgögn:

Námsefni 7. bekkjar
ýmsar uppskriftir

Ítarefni:

Heimilisfræði 2

Viðfangsefni:

Næring og hollusta:

Nemandi: **meti** næringargildi korns og korntegunda
beri saman næringargildi í mismunandi korntegundum
geri könnun á eigin morgunverði
kynni sér hvaða næringarefni eru í algengustu matvælum

Matreiðsla og vinnubrögð:

Nemandi: **fái** þjálfun í að velja hentug áhöld og tæki og nota leiðavísa með þeim
læri að breyta g í dl og öfugt
þjálfist í að stækka og minnka uppskriftir
vinni af öryggi með einföldustu aðferðir í matreiðslu
temji sér sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
temji sér góð vinnubrögð og réttar vinnustellingar

Matvælafræði:

Nemandi: **kanni** hvaða næringarefni eru ríkjandi í hverjum flokki fæðuhringsins
fái þjálfun í að setja saman máltíðir með hliðsjón af fæðuhring
kynnist helstu vinnslu- og geymsluaðferðum matvæla og viti hvernig geyma skal matvæli heima
kynnist umbúðamerkingum matvæla og nýti þær til að meta kosti og galla tilbúins og hálftilbúins matar

Hreinlæti:

Nemandi: **tileinki** sér persónulegt hreinlæti
tileinki sér jákvætt viðhorf gagnvart hreinu umhverfi úti sem inni
geri sér grein fyrir því hvers vegna hreinlæti er mikilvægt við meðferð matvæla
hafi öðlast færni í að þvo upp í höndum og í uppþvottavél

Aðrir þættir:

Nemandi: **temji** sér að taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald
fái þjálfun í að virða jafnrétti, ólík sjónarmið, mismunandi siði og venjur
temji sér jákvæð viðhorf gagnvart matarmenningu mismunandi þjóða
viti um helstu orsakir slysa í heimahúsum og næsta umhverfi

Mat: Símat í kennslustundum og einkunn gefin við lok 7. bekkjar.

3.6. Íþróttir

Skynbroski Hreyfibroski

Nemandi

- þjálfist í samsettum hreyfingum eins og
- þjálfist í flóknum æfingum með tónlist sem viðhalda og bæta samhæfingu hreyfinga
- taki þátt í leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla samspil skynjunar, s.s.
- þjálfist í óhefðbundnum íþróttum eða hreyfilist, s.s. æfingum á
- þjálfist í undirstöðuatriðum nýrra eða áður lærðra hóp- og einstaklingsíþróttar sem stundaðar eru hér á landi
- nái frekari tókum á undirstöðuatriðum í vetraríþróttum, s.s.
- hafi lagt grunn að vali á íþróttagrein til seinni tíma ástundunar

Líkamsbroski Fagurbroski

Nemandi

- taki þátt í ýmsum leikjum og íþróttum sem efla líkamspól
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla hraða og viðbragð
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft
- þjálfist í æfingum sem efla líkamspól
- þjálfist í æfingum sem efla kraft
- þjálfist í æfingum sem efla viðbragð
- taki stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti
- taki þátt í stöðvaþjálfun sem nær til 3-4 vikna
- læri nýjan íslenskan og erlendan dans
- taki þátt í dans- eða spunaverkefni með eða án tónlistar

Félagsbroski Tilfinningabroski Siðgæðisbroski

Nemandi

- taki þátt í leikjum sem efla og styrkja samvinnu og samskipti
- þjálfist í að skipuleggja og stunda íþróttir eftir eigin áhuga
- taki þátt í samstarfsverkefnum s.s. íþróttasýningum og íþróttamótum
- öðlist skilning og raunsætt mat á eigin getu í ýmsum færni- og tjáningaráttum
- taki þátt í verkefnum sem innihalda tjáningu af ýmsum toga
- þjálfist í verkefnum þar sem reynir á tillitssemi, umburðarlyndi og þolinmæði
- þjálfist í leikjum og æfingum þar sem veita þarf félaga eða félögum stuðning
- þjálfist enn frekar í að nota líkamann sem tjáningartæki í dans- og dramaverkefnum

Vitsmunabroski

Nemandi

- þekki tengsl næringar- og orkuþarfar við líkams- og heilsurækt
- taki þátt í umræðu um áhrif þjálfunar á líkama og heilsu
- þekki áhrif þolþjálfunar á hjarta og blóðrásarkerfi
- taki þátt í umræðu um helstu breytingar kynþroskaára og áhrif þeirra á afkastagetu og árangur í íþróttum
- átti sig á mikilvægi hvíldar fyrir líkama og sál
- nái enn frekari tókum á undirstöðuatriðum íslenskrar glímu og þekki helstu glímubrögð
- taki þátt í ratleik og læri að lesa á kort
- nýti sér tölvu og upplýsingatækni við skrásetningu markmiða í líkams- og heilsurækt

Sund:

Í 5.-7. bekk er lögð megináherslu á færniþætti og grunnkennslu helstu sundtaka. Stefnt er að því að byggja ofan á þann grunn sem skapaður hefur verið á aðlögunartímabili fyrstu skólaára þar sem aðlögun, samhæfing hreyfinga í vatni og kennslufræðileg nálgun með leik eru meginmarkmið kennslunnar. Kennsla þessara bekkja er þannig háttað að 5. bekkur verður í einum tíma allan veturinn en 6. og 7 bekkur verður í námskeiðsformi fimm vikur að hausi og að vori.

Við uppbyggingu og framsetningu námsmats er tekið mið af settum markmiðum aðalnámskrá. Eftirfarandi atriði verða notuð við námsmati í lok 7. bekkjar:

Hreyfifærni og útfærsla (sundstíll) metin í eftirfarandi sundaðferðum: 25 m bringusundi, 25 m skólabaksundi, 25 m baksundi, 8 m kafsundi, Stunga af bakka

Tímataka í: 50 m bringusundi, tímalágmark: 74,0 sek., 25 m skriðsundi, tímalágmark: 32,0 sek., 300 m bringusundi, synt innan 10 mínútna, 15 m björgunarsundi, synt með jafningja (skólabaksunds fótatök)

Í 7. bekk er stefnt að því að meta þekkingu og notkun ýmissa öryggistækja og aðferða við björgun úr vatni. Markmið skólasunds er að hver nemandi ljúki námsmati í 7. bekk (7. sundstigi). Telja má nemanda syndan sem lokið hefur þessum áfanga.

3.7. Myndmennt

Markmið:

Nemandi teikni hluti eftir fyrirmynd, þekki hugtakið fjölfeldi, vinni á fjölbreyttan hátt með form, þekki hugtakið fjarvídd, vinni skissur, geti á einfaldan hátt lýst munnlega og skriflega fjórum listastefnum, kanni byggingar í nánasta umhverfi, geti lýst skoðun sinni á mynd og þekki hugtakið uppstilling og skilji hvað í því felst.

Námsefni:

Matreitt af kennara eftir þörfum.

Viðfangsefni:

Litafræði, teikning, grafík, formfræði, fjarvídd, skissugerð, vinnulag, listasaga, fagurfræði og gagrýni.

Námsmat:

Símat, sjálfsmat og yfirlitsmat í lok hvernar annar.

3.8. *Textílmennt*

Námsgögn:

Hvernig á að sauma á saumavél.
Hannyrðir í 4.-7.bekk
Á þrjónunum (Unnur Breiðfjörð)
Föt á börn (Sigrún Guðmundsdóttir)
Þrjónablöð, sniðblöð, ýmsar handbækur og ljósrit

Viðfangsefni 5. – 7. bekk:

Þrjón - nemendur læri að þrjóna slétt, brugðið, úrtökur og útaukningar.
Hekl - loftlykkjur, keðjulykkjur, fastahekl, stuðlar, tvíbrugðnir stuðlar.
Vélsaumur - nem. læri að taka upp snið, sníða og sauma einfaldar flíkur.
Bútaumur, fixative-úðun, munsturgerð, útsaumur, leðurvinna, silkimálun.

Lögmál og aðferðir:

Nem. **liti** vefjarefni með tilbúnum taulitum og beiti nokkrum aðferðum til
fá munstur á efni
þjálfist í að sníða
nýti vel efni og garn sem unnið er með
geri sér grein fyrir efnisþörf við verkefni sín
semji gróflega vinnuáætlun áður en byrjað er á viðfangsefni

Fagurfræði og rýni:

Nem. **takist** á við verkefni sem vekja áhuga og vinnugleði og koma til
móts við langanir og smekk nemandans

Námsmat:

Símat í kennslustundum, þar sem vinnubrögð, iðjusemi, hegðun og fleira er lagt til grundvallar. Nemendur í 5.og 6. bekk fá einkunnir í umsögnum en í 7. bekk í tölum og umsögnum.
Stefnt að stöðluðum prófum, skriflegum og verklegum í lok 4.,7. og 10. bekkjar.

3.9. Lífsleikni

Námsefni:

Ekki verður tekið fyrir neitt ákveðið námsefni

Viðfangsefni:

Tilfinningar

Hvernig á að bregðast við í samskiptum við aðra:

sýna sanngirni

réttlæti

kurteisi

leysa ágreining

standast neikvæðan þrýsting

Siðir og venjur

Vega og meta kosti og galla

Vímuefni

Kunna skil á sínu nánasta umhverfi

Almannavarnir

Umferðareglur

Námsmat:

Usögn í lok skólaárs

3.10. Náttúrufræði

Námsgögn:

Eðlisvísindi

Sérkenni efna

Jarðvísindi

Efnisatriði

Veðurfar

Lofthjúpur og kraftar sem halda honum við jörðina

Hafstraumar

Jarðsaga Íslands

Jarðvegseyðing

Jarðskjálftar

Flokkunarkerfi íslenskra eldstöðva

Lífvísindi

Mannslíkaminn

Ítarefni

Legókubbar

Veðrið e. Pál Bergþórsson

Tími, lengd og hreyfing

Myndbönd

Eyewitness

Forrit

Orka

Geislavirkni

Viðfangsefni:

Eðlisvísindi: Framkvæmi tilraunir. Þekki ham efnis og að hann er háður bræðslu- og suðumarki. Bræði, sjóði, leysi upp, athugi hitaþennslu mismunandi efna. Athugi áhrif hitabreytingu á vatn, loft, jarðveg, lífveru. Þekki samsetningu andrúmsloftsins, frumeindakennunguna, varðveislu massans, kenningu um hreyfingu sameindanna, að leysni efna er háð t.d. hitasigi, hugtökin felling og mettun. Tengi efnafræði við daglegt líf. Fjalli um mismunandi orku í heiminum.

Jarðvísindi: Framkvæmi tilraunir. Geti lýst aðskildum lofthjúp jarðar, þekki þá krafta sem halda honum við jörðina. Geti túlkað og skilið veðurkort sér til gagns. Þekki áhrif hafsins á mótun umhverfis, lífríki á jörðinni og neðansjávarlandslags, hafstrauma á íslenskt veðurfar, veðurfar á jörðinni og lífsskilyrði. Þekki mótunaráhrif jökla og áa á landslag og geti tengt það við myndunarsögu Íslands. Þekki orsök jarðvegseyðingar og úrræði. Leiti heimilda um stærstu jarðskjálfta á Íslandi, kynni sér orsakir þeirra og afleiðingar. Þekki flokkunarkerfi íslenskra eldstöðva.

Lífvísindi: Framkvæmi tilraunir. Skili að útlisteinkenni og aðrir eiginleikar erfast frá foreldrum, þekki að einkenni erfast vegna erfðarefnis frá kynslóð til kynslóðar með frumkjarna. Þekki líffærakerfi mannslíkamans, gerð og starfsemi, samspil og samsetningu. Fjalli um áhrif nýrra tækni í læknisvísindum. Geri athuganir á eigin líkama s.s púls, öndum, skynjun húðar, viðbragð heyrnar og athugi skynvillur. Þekki varnir líkamans. Fjalli um hvernig hægt er að stuðla að eigin heilbrigði frá unga aldri t.d. með hreifingu, hollri fæðu og athugunum á eigin mataræði og heilsufari.

Grundvöllur mats:

Símat skrifleg próf lögð fyrir með reglulegu millibili.

Verklegt mat með ákveðnum þrautum til að leita eftir að ákveðinni færni er náð, meta þarf bæði afurðina og sjálft vinnuferlið.

Sjálfsmat nemenda þar sem nemandi metur sjálfur viðhorf sín, þekkingu og færni, hvort hann hafi náð settum markmiðum, t.d. með gátlistum.

3.11. Samfélagsfræði

Námsgögn:

„Sjálfstæði Íslendinga” 2 með vinnubók
Evrópa

Ítarefni:

Kjör fólks fyrr á öldum
Landið og landakortin
Ítalía
Grikkland

Viðfangsefni:

- Saga:** Tímabilið um 1550-1800. Tengslin við norrænar grannþjóðir og Bretland. Siðbreytingin-mótmælendahreyfingin og lútherskur siður.
- Landafræði:** Landafræði Evrópu. Nem. þekki á korti nöfn og legu ríkja í álfunni auk stærstu áa, vatna, hafa og fjallgarða. Nem. átti sig t.d. á margháttuðum menningarlegum og viðskiptalegum tengslum Íslendinga við aðrar Evrópuþjóðir og þekki einstök menningarsvæði í Evrópu.

Grundvöllur mats:

Markmiðin eru grundvöllur mats. Símat ímun, á hópvinnu og verkefnum nemenda og vinnubókum. Prófað í lok hverrar annar.

3.12. Kristinfræði

Námsgögn:

Upprisan og lífið

Ítarefni:

Biblían

Viðfangsefni:

Nemandi: **kynnist** þáttum úr sögu Ísraelsþjóðar frá því að ríkið klofnaði og til heimkomunnar úr útlegðinni í Babýlon
þekki dæmi um nokkra spámenn og skilji hlutverk þeirra
fái vitneskju um aðstæður gyðinga síðustu aldirnar fyrir Krist og átök og yfirráð stórvelda við Miðjarðarhaf
læri um frásagnir Matteusar guðspjallamanns af aðdragandanum að fæðingu Jesú
skilji merkingu bænarinnar Faðir vor
kynnist kristniboðsstarfi Páls postula, og hvernig kirkjan þróaðist undir forystu biskupsins í Róm, páfans
kanni sögu miðaldakirkjunnar á Íslandi
kynnist trúarlegri tjáningu í íslenskri ljóðlist
kunni skil á siðbót Marteins Lúters og hvernig hún barst til Íslands
kynnist tjáningu trúar í listsköpun miðalda
geri sér grein fyrir siðferðilegum gildum er lúta að jafnrétti, mannréttindum, kjörum flóttamanna og misskiptingu lífsgæða í heiminum og þjálfist í að ræða þau
kynnist völdum þáttum búddadóms

Mat: Metin vinna í tímum, þátttaka í umræðum og hópvinnu.
Skrifleg próf í lok hverrar annar.

3.13. Upplýsingmennt

Námsgögn:

25 lexíur í upplýsingatækni, Verkefnahefti fyrir gluggaumhverfi – Windows, Word, Internetið á eigin spýtur – Outlook Express, Internet Explorer.

Ítarefni:

Ýmislegt frá kennara.

Viðfangsefni:

Verkefnavinna: Unnið með 25 lexíur í upplýsingatækni, unnin verkefni úr Verkefnaheftinu fyrir gluggaumhverfi, sérstaklega í Word. Þannig að nemandinn geti skilað ritgerðum í tölvutæku formi og útprentuðum með myndum, blaðsíðunúmerum, efnisyfirliti og tilheyrandi. Nemandi notar internetið, vafrar um á netinu og lærir um notkun á tölvupósti.

Grundvöllur mats:

Verkefnavinna í tímum: Skil á verkefnum unnum í tímum. Fjöldi skilaðra verkefna og hvernig þau hafa verið unnin.

Annarpróf og vorpróf: Kunnátta nemenda á notkun ritvinnsluforrítsins Word og notkun á Windows umhverfinu, póstforritinu Outlook Express og Internet Explorer prófuð.

3.14. Hönnun og smíði

Markmið

Nemendur rifji upp grundvallaratriði heflunar og læri meiri viðarfræði. Grundvallaratriði yfirborðsmeðferðar kennd s.s. notkun á sandpappír, vatnsburður og notkun helstu efna eins og olíu, lakk, bæs og málningar. Nemendur teikni viðfangsefni. Nemendur kynnist eiginleikum akrýlplasts og notkun á blikki og koparþynnu.

Viðfangsefni

T.d. klukka, blómagrind, pennastokkur, serviettustandur, kassettu og geisladiskastandur vindmilla, fuglar, bréfastandur, blómavegghengi, blaðagrind, glasabakki, skammel, renndir smámunir, s.s. kertastjakar úr mahony, pennaveski seðlaveski buddur úr leðri, skartgripir og nytjahlutir úr plasti eins og skeið, blaðahnífur, myndarammi, snagi, tertuspaði, myndir úr koparfólú.

Vinnubrögð

Nemendur teikna, mæla, saga, hefla, renna, og vinna kannt á akrýlplasti.

Verkfæri

Auk fyrri verkfæra bætist við siklingur og slípiklossi.

3.15. Tónmennt

Mikil áhersla er lögð á söng af ýmsu tagi, s.s. keðjusöng og raddaðan söng með einföldum útsetningum. Þáttur ásláttarhljóðfæra er aukinn, sömuleiðis þjálfun í hryn og takti og nótalesturinn (do, re, mí,) er aukinn að sama skapi.

Ýmsar tónlistarstefnur kynntar með hlustun. Nemendur semja lög og texta einir eða í hópum og flytja fyrir bekkjarfélaga sína. Þennan námsþátt er hægt að tengja við héraðið, bæði staði og liðna atburði.

Æskilegt er að nemendur í hljóðfæranámi fái tækifæri til að leika undir í tónmenntatímum og á samkomum.

Hlutverk söngsins hefur vaxið í skólum héraðsins á undanförunum árum, svo sem við athafnir í kirkjum, á samkomum innan skólans, í heimsóknnum á elliheimili og aðrar stofnanir.